



Nýting jarðhita til húshitunar í Langanesbyggð

Kostnaðaráætlun

Jarðhitaleit; boranir og rannsóknir

Eins og fram kemur í verkefnalýsingu er ráðgert að leita samstarfs við Jarðfræðistofuna Stapa. Starfsmenn Stapa hafa veitt sveitarfélaginu ráðgjöf áður og var verkefnalýsingin unnin í samráði við þá. Nákvæmari forgangsöröðun á eftir að vinna og ljóst er að verkefnið getur tekið breytingum eftir því sem rannsóknum miðar áfram.

Hér er um að ræða gróft kostnaðarmat, og markmiðið fyrst og fremst að svara þessari spurningu – hvað sé *nægjanlegt* umfang, og hvað sé *nauðsynlegt* umfang, til að verkefnið skili tilætluðum árangri.

Kostnaðarmatið er byggt á nýlegum verkefnum sveitarfélagsins og reynt var að taka tillit til allra helstu kostnaðarliða, s.s. flutnings á tækjum og efni, uppihalds, vinnu og efnis vegna borholna.¹ Einnig er gert ráð fyrir kostnaði vegna hitastigulsmælinga í eldri holum og annarra nauðsynlegra jarðfræðirannsókna, t.d. efnagreininga. Að endingu má reikna með ófyrirséðum kostnaði.

Varðandi kostnað við boranir:

- Hefðbundin, grunnt fóðruð hitastigulshola (u.þ.b. 100 m) kostar um 1.600.000 kr. með VSK.
- Dýpri rannsóknarholur (200-600 m) geta verið umtalsvert dýrari, eða 10-25 milljónir króna hver.

Því telur umsækjandi rétt að ráðstafa allt að 60 milljónum króna til verkefnisins til að tryggja viðunandi árangur.

¹ Einnig stuðst við skýrsluna „Hitaveitur á Íslandi: Úttekt á stöðu hitaveitna og nýtingar jarðhitavatts til húshitunar“ (2023).